

## Fundargerð skólaráðs Stekkjaskóla

### 5. fundur skólaráðs Stekkjaskóla, fimmtudaginn 30. nóvember 2023 kl. 8:15. Haldinn í fundarherbergi 1.

Mætt: Hilmar Björgvinsson skólastjóri, Kristín Bergmann og María Ósk Ólafsdóttir fulltrúar kennara, Soffía Magnúsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna, Arnar Páll Gíslason og Smári Hallgrímsson fulltrúar foreldra, Ragna Fanney Róbertsdóttir og Stefán Darri Jóhannsson fulltrúar nemenda og Laufey Ósk Magnúsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins.

Fundargerð: María Ósk Ólafsdóttir

#### 1. Kynning á fulltrúum

Hilmar bauð fulltrúa skólaráðs Stekkjaskóla skólaárið 2023-2024 velkomna á þennan fyrsta fund skólaársins. Bauð hann sérstaklega nýja fulltrúa í ráðinu velkomna þá Arnar Pál Gíslason fulltrúa foreldra og Laufeyju Ósk Magnúsdóttur fulltrúa grenndarsamfélagsins. Fulltrúar kynntu sig.

Fulltrúar skólaráðs skólaárið 2023-2024:

		Varamenn:
• Skólastjóri:	Hilmar Björgvinsson	Ástrós Rún Sigurðadóttir
• Fulltrúar kennara:	Kristín Bergmann María Ósk Ólafsdóttir	Helga Þórey Rúnarsdóttir Hermína Íris Helgadóttir
• Fulltrúi annarra starfsmanna:	Soffía Magnúsdóttir	
• Fulltrúar foreldra:	Arnar Páll Gíslason Smári Hallgrímsson	Elsa Dögg Valsdóttir Eva María Pétursdóttir
• Fulltrúar nemenda	Ragna Fanney Róbertsdóttir Stefán Darri Jóhannsson	Elín Aðalheiður Snorráð. Hákon Darri Guðjónsson
• Fulltrúi grenndarsamfélagsins	Laufey Ósk Magnúsdóttir	

Lagt til að leita til Katrínar Þ. Andrésdóttur til að vera varamaður grenndarsamfélagsins. Samþykkt.

#### 2. Hlutverk og starfsáætlun skólaráðs

Hilmar rifjaði upp lauslega hlutverk skólaráðs og lagði fram drög að starfsáætlun skólaársins en hana á að gera samkvæmt 4. gr. reglugerðar um skólaráð við grunnskóla.

## Starfsáætlun skólaráðs skólaárið 2023-24:

Mánuður	Verkefni
Nóvember 2023	Kynning á fulltrúum Hlutverk og starfsáætlun skólaráðs Starfsáætlun Stekkjaskóla skólaárið 2023-24 Skólastarfið
Janúar 2024	Fjárhagsáætlun 2024 Matskýrsla 2021-2022 Starfsmannakönnun Maskínu og Skólapúlsins - niðurstöður
Janúar/febrúar 2024	Vinnufundur um einkunnarorð skólans með starfsfólki skólans, fulltrúum foreldra og nemenda
Febrúar/mars 2024	Starfsmannamál, ráðningar Matsáætlun 2023-2026 Matskýrsla 2022-2023 Skóladagatal 2024-2025
Maí 2024 Opinn fundur	Skólapúlsinn - Niðurstöður úr nemendakönnun og foreldrakönnun  Kaffihúsafundur um innra mat með starfsmönnum, fulltrúum foreldrafélags og skólaráðs

### 3. Starfsáætlun skólaráðs

Starfsáætlun Stekkjaskóla fyrir skólaárið 2023-24 lögð fram til umræðu og staðfestingar. Hilmar kynnti skýrsluna með því að sýna hvernig hún er byggð upp og með því að sýna efnisyfirlitið.

Verið er að fínþússa áætlunina og prófarkalesa. Umræður um að stofna nemendafélag eða að fulltrúar nemenda verðir í samstarfi við viðburðarteymi. Rætt var um að halda endurskinsmerkjadag sem var hugmynd frá síðasta skólaári frá nemendum.

Hugmyndir frá nemendum:

Skautuferð, grindverk í hringum fótboltavöllinn, vantar fleiri bolta, fara í skólabúðirnar að Reykjum, skoða leikvöllinn - vantar rólur sem henta betur eldri nemendum. Betra wifi, oftast sparínesti og kósý dagur. Nemendur voru áhugasamir um að hafa hæfileikakeppni og fá skólahreystivöll. Spurning um að nemendur sendi erindi til sveitarstjórnar um að fá skólahreystivöll. Nemendum finnst vanta fleiri lpada og það væri gaman að eiga vinaskóla og fara svo erlendis.

Eftir umræður um starfsáætlunina var hún staðfest af skólaráði. Hún fer inn á næsta fund fræðslu- og frístundarnefndar til staðfestingar og á heimasíðu skólans.

### 4. Kynning og umræður um skólastarfið

Þetta er þriðja skólaár skólans frá því að hann hóf starfsemi haustið 2021. Í dag eru 228 nemendur og 49 starfsmenn. Síðastliðið vor var þróunarverkefninu *Stekkur til framtíðar*

formlega lokið. Með verkefninu var lagður grunnur að áhersluþáttum skólans. Skýrsla um verkefnið er á heimasíðu skólans. Sjá [hér](#).

Eitt af nýmælum þessa skólaárs eru valsmiðjur á miðstigi. Þar fá nemendur að velja sér fjölbreyttar smiðjur sem eru í 7 vikur í senn. Smiðja A er tvisvar í viku í 80 mínútur í senn og smiðja B er einu sinni í viku jafn lengi. Eins er nýtt að nú eru nemendur í 1. og 2. bekk eingöngu í íþróttum í fjölnotasal skólans og fara því ekki í íþróttahús Vallaskóla.

Á heimsíðu skólans eru ýmsar upplýsingar um skólastarfið s.s. skóladagatal, starfsáætlun, fréttir, fréttabréf, matseðlar, skýrslur o.fl.

Nú er skólinn búinn að vera í nýbyggingu skólans frá lok mars mánuði og er almenn ánægja með bygginguna. Áætlað er að annar áfangi verði tilbúinn í október-nóvember 2024.

## 5. Fundartími skólaráðs

Skólastjóri lagði til að fundað yrði á mánudagsmorgnum kl. 8:15.

## 6. Önnur mál

Engin

Næsti fundur mánudagurinn 15. janúar 2024 kl. 8:15

Fundi slitið kl. 9:30

MÓÓ/HB